



Umhverfis- og skipulagssvið

### ***Hverfisskipulag - Breiðholt 6.1 Neðra Breiðholt***

Á fundi borgarráðs þann 9. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. desember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 8. desember 2021, á tillögu að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.1 Neðra Breiðholt, ásamt fylgiskjölum

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hverfisskipulag er spennandi þróunarverkefni hjá borginni og gengur út á það að gera öll hverfin í borginni ennþá betri. Samráð er hryggjarstykkið við gerð hverfisskipulags sem er ætlað að einfalda ferla við breytingar á húsum í borgarhlutanum, draga fram framtíðarsýn íbúa hverfisins í tengslum við hverfakjarna og kortleggja lykilstyrkleika hverfisins með það að markmiði að styrkja hverfið. Breiðholtið er gríðarlega stór og fjölmennur borgarhluti sem er skilgreindur sem þrjú hverfi innan Reykjavíkur, Neðra Breiðholt, Seljahverfi og Efra Breiðholt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að rýmka almennar heimildir húseigenda í hverfinu og er margt af því til bóta. Athugasemdir vegna samgangna ber að virða og er mikilvægt að bætt verði úr þeim sem allra fyrst til að léttu á umferð. Þá skortir á að Mjóddin sé skipulögð í heild eins og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað lagt til. Rétt er að benda á að Elliðaárdalurinn er ekki heldur hluti þessa hverfisskipulags.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Í þessum gagnapakka er að finna bréf frá Vegagerðinni og Kópavogsbæ um Arnarnesveginn. Athugasemdir beggja aðila valda áhyggjum. Vegagerðin bendir á að skv. vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Hér er líklega verið að hnýta í fyrirhugaðan Vetrargarð og þetta segir að Arnarnesvegurinn mun skerða þróunarmöguleika hans. Og svo er athyglisvert að Kópavogur vill einnig hafa áhrif á skipulagið við Arnarnesveg og heimtar óbeint að sá vegur eigi að geta stækkað verulega frá núverandi meingölluðu skipulagi. Er það eðlilegt að annað sveitarfélag sé að stýra skipulagi í Reykjavík? Verður Arnarnesvegurinn að umferðarþungri umferðaræð sem hindrar útivist, rústar Vatnsendahverfinu og efsta hluta Elliðaárdals? Kópavogur ætlar sér að stýra hvernig svæðum umhverfis Arnarnesveg verði ráðstafað í skipulagi „svo áframhaldandi afkastageta vegarins verði tryggð“ eins og segir í þeirra umsögn. Vegurinn eins og hann er skipulagður í dag mun fara yfir mörkin í

umferðarspá í umhverfismatinu frá 2003. Verður ekki að gera nýtt umhverfismat?  
Einnig má spyrja af hverju það hafi aldrei verið skoðað að leggja veginn í göng eða  
stokk til að vernda umhverfi, náttúru og útivistarmöguleika svæðisins.



Helga Björk  
Laxdal  
e.u.